



Fagráðstefna skógræktar 2016

Félagsheimilinu Patreksfirði 16.-17. mars 2016

Árleg Fagráðstefna skógræktar er að þessu sinni haldin á Patreksfirði. Þrjú meginkaflar eða umfjöllunarefni verða fyrirferðarmest í alls 9 erindum fyrri dag ráðstefnunnar:

- Yfirvofandi loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim.
- Hvernig efni er að koma úr íslenskum skógum og hver verða hugsanleg framtíðarnot?
- Tækni og notkun landupplýsinga.

Auk ofanskráðs verða 14 önnur erindi um ýmis mál úr öllum skógarhornum.

Skipuleggjendur eru:

- Skjólskógar á Vestfjörðum: Sæmundur Kr. Þorvaldsson
- Skógrækt ríkisins: Pétur Halldórsson
- Rannsóknarstöð skógræktar Mógilsá: Aðalsteinn Sigurgeirsson
- Skógfræðingafélag Íslands: Bergsveinn Þórsson
- Skógræktarfélag Íslands: Einar Gunnarsson
- Landbúnaðarháskóli Íslands: Bjarni Diðrik Sigurðsson
- Landsamtök skógareigenda: Hrönn Guðmundsdóttir



Fagráðstefna skógræktar 2016

Hvar, hvernig, hvað kostar?

Ráðstefnan fer fram í félagsheimilinu á Patreksfirði um 200 m gang frá hótelinu

Skráning á ráðstefnunna: Vinsamlega sendið skráningu á netfangið skjolskogar@skjolskogar.is eða hringið í síma **459-8201/893-1065**. Tekið verður á móti skráningum til og með 10. mars. Við skráningu sjá Skjólaskógar um að bóka gistingu á *Fosshótel Vestfirðir Patreksfirði* og því þyrfti að fylgja ósk um hvort menn vilja eins eða tveggja manna herbergi og einnig hverjum þeim hugnast að deila herbergi með. Ef gistirými þrýtur á hótelinu þá höldum við áfram að bóka á gistiheimilið Bjarmaland á Tálknafirði.

Kostnaður:

Ráðstefnugjald 6.000 kr.

Nemendur LBHÍ þurfa ekki að greiða ráðstefnugjald.

Gisting og matur:

Fosshótel Vestfirðir:

Gisting pr. herbergi (eins eða tveggja) með morgunmat **11.400 kr.** pr. sólahring. (= 5.700 kr. á manninn ef tveir eru í herbergi)

Matur pr. mann á ráðstefnutímanum (kvöldhressing þann 15., 2 x hádegisverður, 2 x kaffi og með því + kaffi á ráðstefnutíma) **7.280 kr.**

Hátíðarkvöldverður **7.200 kr.**

Ef gistirými þrýtur á Fosshótel Vestfirðir Patreksfirði verður viðbótar gistirými á gistiheimilinu Bjarmalandi á Tálknafirði. Þangað er aðeins 15 mínútna akstur og rútukálfur á vegum Skjólaskóga mun sjá um flutninga svo sem þurfa þykir.

Bjarmaland: Eins manns herbergi 7.100 kr.

Í tveggja manna 4.300 kr. á mann (verð eru með morgunverði)

Dagskrá fagráðstefnu 2016:

| Þriðjudagur 15. mars | | |
|-----------------------|---|---|
| Vesturferð | Rúta, einkabílar eða flug sjá nánar aftar | |
| 19:00-20:00 | Kvöldhressing á Fosshótel | |
| 20:00 | Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands | |
| Miðvikudagur 16. mars | | |
| 09:00-09:05 | Setning | Sæmundur Þorvaldsson Skjólaskógar á Vestfjörðum |
| 09:05-09:15 | Ávarp skógræktarstjóra | Þróstur Eysteinnsson skógræktarstjóri |
| 09:15-09:50 | Leiðin frá París - þáttur skógræktar í loftslagsmálum | Hugi Ólafsson Umhverfis- og auðlindaráðuneyti |
| 09:50-10:20 | Skógarvistkerfi og loftslagsbreytingar | Bjarki Þór Kjartansson Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 10:20-10:40 | Kaffihlé | |
| 10:40-11:00 | Hvað getur íslensk skógrækt gert til að draga úr nettó-losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi? | Arnór Snorrason Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 11:00-11:20 | Innihald og ferli landshlutaáætlana | Þróstur Eysteinnsson skógræktarstjóri |
| 11:20-11:40 | Ræktun jólatrjáa | Else Möller skógfr. Vopnafirði |
| 11:40-12:00 | LUK, verkfæri skógfræðingsins | Björn Traustason Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 12:00-13:00 | Hádegisverður | |
| 13:00-13:20 | Þéttleiki og ending íslensks trjáviðar | Sævar Hreiðarsson Skógræktarfélag Reykjavíkur |
| 13:20-13:40 | Er íslenskur viður byggingarefni? | Ívar Örn Þrastarson skógfræðingur/húsasmíðameistari |
| 13:40-14:00 | Frá skógi til fóðurs | Birgir Örn Smárason Matvælastofnun |
| 14:00-14:30 | Essentials of Wildland Fire - Iceland's Fuel Models and Options to Reduce Fire Risk | Wade Wahrenbrock, Science Technical Forestry, Soldotna Alaska |
| 14:30-15:00 | Toppar og greinar út ... | Bjarni Diðrik Sigurðsson Landbúnaðarháskóli Íslands |
| 15:00-15:20 | Skógmælingar með flygildum | Lárus Heiðarsson, Skógrækt ríkisins Egilsstöðum o.fl. |
| 15:20-15:50 | Kaffihlé | |
| 15:50-18:30 | Skoðunarferð | |
| 19:30 >>>> | Hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu | Veislustj.: Gísli Ægir Ágústsson |

Fimmtudagur 17. mars

| | | |
|-------------|--|---|
| 09:00-09:30 | Afforestation in Iceland, the Use of Alaska Tree Seed Material and Why Fish Like Forests | Wade Wahrenbrock, Science Technical Forestry, Soldotna Alaska |
| 09:30-10:00 | Skjólbelti framtíðar | Samson B. Harðarson Landbúnaðarháskóli Íslands |
| 10:00-10:20 | Bíða nýir trjásjúkdómar eftir fari til landsins? | Halldór Sverrisson Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 10:20-10:40 | Kaffihlé | |
| 10:40-11:00 | Veggspjaldakynning í fundarsal | Stjórn: Bjarni D. Sigurðsson |
| 11:00-11:10 | Gæða- og árangursmat í skógrækt | Valgerður Jónsdóttir Norðurlandsskógar |
| 11:10-11:30 | Áhrif rótarkals á rússalerkiplöntur | Rakel Jónsdóttir Norðurlandsskógar |
| 11:30-11:50 | Kynbætt fura | Brynjar Skúlason Skógrækt ríkisins Akureyri |
| 11:50-12:10 | Er ofuröspin fundin? | Arnín Óladóttir Skjólskógar á Vestfjörðum |
| 12:10-13:00 | Hádegisverður | |
| 13:00-13:20 | Langtímaáhrif alaskalúpínu og áburðargjafar á lifun og vöxt birkis | Jóhanna Ólafsdóttir Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 13:20-13:40 | From a Deserted Farm to a Bountiful Bread-basket | Benjamin Dippe Þingeyri (Agro-Forestry Planner) |
| 13:40-14:10 | Viður í byggingar framtíðar | Aðalheiður Atladóttir arkitekt A2F Arkitektar |
| 14:10-14:30 | Framtíðarverkefni skógarbænda | Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Vesturlandsskógar |
| 14:30-14:50 | Samantekt | Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógrækt ríkisins Mógilsá |
| 14:50-15:00 | Kynning á næstu fagraðstefnu Ráðstefnuslit og brottfararkaffi | Aðalsteinn / Sæmundur |

Að venju er gert ráð fyrir að Rit Mógilsár gefi út ráðstefnurit með efni frá Fagraðstefnu skógræktar.



Fagráðstefna skógræktar 2016



Hvernig komast menn á Patreksfjörð?

Þangað liggja auðvitað allar leiðir...



Á eigin vegum:

Akstursleiðir: Reykjavík – Patreksfjörður er 400 km.

Akureyri – Patreksfjörður er 512 km (um Laxárdalsheiði)

Akstur og ferja

Einnig má fara sjóveg yfir Breiðafjörð <http://saeferdir.is/FerjanBaldur/> þessi ferðamáti sparar hvorki pening né tíma en er skemmtilegur.

Reykjavík-Stykkishólmur + Brjánslækur-Patreksfjörður: $172 + 56 = 228$ km.

Akureyri-Stykkishólmur + Brjánslækur –Patreksfjörður: $363 + 56 = 419$ km.

Flug

Það er flugfélagið Ernir <http://ernir.is/aaetlunarflug> sem er með daglegar ferðir á flugvöllinn á Bíldudal, þaðan er flugrúta á Patreksfjörð, 30 km.

Á vegum Suðurlandsskóga:

*Suðurlandsskógar standa fyrir rútuferð vestur á Patreksfjörð 15. mars og til baka 17. mars.
Lagt af stað 15. mars klukkan 12:00 frá Krónunni Selfossi*

Frá Olís Rauðavatni klukkan 12:45

Frá Mógilsá klukkan 13:15

Frá Hyrnunni Borgarnesi klukkan 14:15

Til baka klukkan 15:15 fimmtudaginn 17. mars.

Fróðleikur, gamanmál, sögur, upplestur og söngur. Þetta allt ásamt góðu sæti í ÞÁ bíl kostar aðeins krónur 9.000.- á farþega.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Hörpu Dís, harpadis@sudskogur.is, eða í síma: **899 9653**.